

Egilsstaðir 15.01.1991

Landbúnaðarnefnd efri deildar alþingis  
Bt. Skúli Alexandersson

*Alþingi*

*Erindi nr. P 113 / 430*

*komudagur 2/1/ 1991*

Efni: Héraðsskógar.

Hæstvirtir alþingismenn,


Verkefnið Héraðsskógar er tilkomið af tveimur grundvallarforsendum sem eru:

1. Að bændur leggi land sitt undir skógrækt. Þar með hafa þeir bundið sitt land næstu áratugina frá annarri notkun og á þessum tíma skilar landið bændunum litlum sem engum tekjum. Þetta er sú fórn sem heil kynslóð bænda er tilbúin að framkvæma hér á Héraði.
2. Að ríkið veiti verkefninu fullan stuðning meðan uppbygging skógana fer fram.

Skömmu fyrir jól þegar ríkisstjórnin lagði frumvarp til laga um Héraðsskóga fyrir alþingi í annað sinn hafði hún breytt annarri af þessum grundvallarforsendum, 4.gr. frumvarpsins. Það er lækkun ríkisframlagsins um 10%, sem þýðir m.ö.o. að bændur á svæðinu verða að leggja fram kr. 5.000.000 árlega í framkvæmd sem ekki nýtist núlifandi kynslóð bænda. Þar sem ég hef kynnst bændastéttinni allvel hér á svæðinu, veit ég að þetta fé er ekki til staðar. Afleiðingin verður sú að um 80% landeiganda falli út. Liggur þá ljóst fyrir að grundvöllur verkefnisins er brostinn. Þessi breyting skýtur skökku við hér á svæðinu því fyrirrennari Héraðsskóga er svokölluð Fljótsdalsáætlun sem naut fulls stuðnings ríkisins. Einnig samþykkti alþingi árið 1985 fullan stuðning við bændur í uppsveitum Árnassýslu sem ætluðu í áþekkt verkefni, en þar brast samstaða. Eftir þessu að dæma lít ég á þessa skerðingu sem skref aftur á bak sem verður að lagfæra. Þau 20% bænda sem eftir verða eru þeir sem voru þátttakendur í Fljótsdalsáætlun. Til hvers eru stjórnvöld þá að fitja uppá stórfelldu skógræktarátaki á Fljótsdalshéraði sem er verið að færa í sama horf og var fyrir 20 árum síðan og gildir aðeins fyrir örfáar jarðir, því augljóst er að þeir fáu sem hafa tök á að fara aftur í Fljótsdalsáætlun munu gera það, því það er mun skárri kostur en frumvarp til laga um Héraðsskóga, og hinir hafa einfaldlega ekki efni á að verða þátttakendur í verkefninu Héraðsskógar.

Vegna þeirrar hættu sem að verkefninu Héraðsskógar steðjar af breytingu ríkisstjórnarinnar á 4. gr. frumvarpsins óskar undirritaður eftir að hæstvirt landbúnaðarnefnd efri deildar alþingis breyti greininni í upprunalegt horf.

Virðingarfyllst



Helgi Gíslason

Verkefnisstjóri Héraðsskóga